

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna breyttrar afmörkunar á AF55 og þéttbýlismarka á Hvolsvelli.

Skipulagsstofnun staðfesti 4. nóvember 2024 óverulega breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2020-2032, sem samþykkt var í sveitarstjórn 18. júlí 2024.

Í breytingunni felst að gerð er breyting á afmörkun svæðis fyrir tjaldstæði á Hvolsvelli (AF55) og það stækkað úr 5,2 í 5,4 ha. Landbúnaðarsvæði minnkar sem því nemur. Samhliða er gerð breyting á afmörkun þéttbýlisins.

Málsmeðferð var vegna óverulegrar breytingar á aðalskipulagi samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 4. nóvember 2024.

Ólafur Arnason.

B-deild – Útgáfudagur: 18. nóvember 2024